

28. janúar 2020.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ – Skóladagatöl 2018-2019, mál 1804224

Minnisblað þetta er skrifað í samhengi við erindi skólastjóra Öldutúnsskóla um ósk um að færa skólaslit skólalist fram um einn dag á skólaárinu 2019-2020, þ.e. frá mánudeginum 8. júní til föstudags 5. júní, vegna sérstakra aðstæðna. Þetta merkir í reynd að skóladagarnir verði 179 í stað 180 – en einnig að þeir verði „180“ ef litið er svo á föstudagurinn 5. júní verði tvítalinn þar sem fyrst verði hefðbundin kennsla og síðan taki við skólaslit sem ella væru annan dag. Þarna er um samþjöppun skólastarfs tveggja daga fært á einn dag. Þetta hefur verði álitamál varðandi skóladagatöl og hefur farið til úrskurðar hjá ráðuneyti menntamála að ég best veit og man. Niðurstaða þeirrar skoðunar var að það væri hægt í stöku tilvikum að hafa „tvo“ skóladaga saman, þ.e. fullan skóladag og skertan. Upphaflega snerist þessi umræða um fullan kennsludag og síðan jólaböll að kveldi sama dags.

Út frá ofangreindu álit ég að ósk Öldutúnsskóla standist viðmið um skóladagatöl grunnskóla og forsendur séu til að samþykkja umrædda ósk vegna sérstakra aðstæðna.

Virðingarfyllt,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla